

A 1917/UHN

Flytjandi Norræna sjálfbærninefndin
Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

Nefndartillaga
Stofnun norræns og landsbundinna ungmennaráða um loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni

Tillaga

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

Að koma á fót ungmennaráðum í löndunum um loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni sem byggja á fyrirliggjandi umgjörð og sem geri stjórnvöldum skylt að hlýða á unga fólkið, hleypa því að ákvarðanatöku og verkefnum um loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni og fara að ráðum ungmennaráðanna.

Bakgrunnur

Norðurlönd eiga sér framtíðarsýn um að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Auk þess samþykktu norrænu forsætisráðherrarnir yfirlýsingu 2019 um að Norðurlönd stefni að kolefnishlutleysi. Nú síðast undirrituðu umhverfis- og loftslagsráðherrar Norðurlanda yfirlýsingu um líffræðilega fjölbreytni, þar sem meðal annars er lögð áhersla á að löndin vilji stuðla að og styðja við fulla og skilvirka þátttöku ungs fólks og annarra hagsmunaaðila við innleiðingu alþjóðlega rammisamningsins um líffræðilega fjölbreytni; <https://www.norden.org/is/declaration/gengid-fra-althjodlega-samningnum-um-liffraedilegan-fjolbreytileika-norraena-nalgunin>

Ungmennni eru mikilvægir þátttakendur í umræðunni um loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni. Hvarvetna á Norðurlöndum sjáum við ungt fólk fjölmenna á götum úti og krefjast metnaðarfullri stefnu í loftslagsmálum og líffræðilegri fjölbreytni.

Ungmennaráð í löndunum gætu nýst sem ráðgjafanefndir sem kæmu með ábendingar til stjórnmalafólks á norrænum vettvangi og í löndunum um málefni sem fela í sér norrænan ávinning. Með góðri breidd ungs fólks má vænta ráða sem eru í senn nýstárleg og framsýn enda fæðast oft nýjar hugmyndir þegar fólk úr ólíkum áttum kemur saman. Þá geta fulltrúar í ungmennaráðum um loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni verið öðrum ungu fólki fyrirmynd. Þau sýna að hlustað er á



raddir ungs fólks, að við getum öll beitt rödd okkar til að hafa áhrif á mótun samfélagsins. Hið síðastnefnda getur meðal annars verið erindi eða miðlun í grunnskólum og víðar. Þar að auki geta ráðin staðið fyrir loftslagsumræðu sem höfðar til breiðari hóp ungs fólks, meðal annars hópa sem hafa ekki látið málið sig varða fram að þessu.

Skrifstofa Norðurlandaráðs æskunnar bar hugmyndina um stofnun ungmennaráða undir æskulýðsráðin í löndunum og hafa skrifstofunni borist svör frá æskulýðsráðunum í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

Í svörunum frá Finnlandi, Noregi og Svíþjóð kemur fram að loftslagsstarfið raðast ólíkt á ráðuneytin eftir löndum, eins eru samskipti ráðuneyta og æskulýðsráða nokkuð mismunandi eftir löndum og starfsemin er einnig með nokkuð ólíkum hætti. Eitt eiga öll löndin þó sameiginlegt. Æskulýðsráðin eru sameiginlegur fulltrúavettvangur þar sem þátttaka ungs fólks er mikilvæg að mati ráðuneytanna, en mikilvægt starf ráðanna og hlutdeild æskulýðsins ræður úrslitum um að þátttakan verði sjálfbær og gagnsæ með tímanum.

Mikilvægt er að virkja æskulýðsráðin í löndunum og veita þeim forystuhlutverk þegar tilnefna á fulltrúa í loftslagsráðið (=fulltrúa ungs fólks). Æskulýðsráðin í löndunum skulu fá að ráða hvernig standa skuli að vali fulltrúanna og bakgrunni þeirra. Dæmi um vel heppnað fyrirkomulag er æskulýðsráðið í Danmörku, DUF. Hlutverk og grundvallarreglur loftslagsráða unga fólksins verða að vera skýrar. Ungmennaráðunum er hvorki hagar í að verða málfundafélag ungs fólks með áhuga á loftslagsmálum né að þátttaka unga fólksins verði yfirborðsleg og til þess eins að hafa ungmennin til sýnis þegar svo ber við. Loftslagsráð ungs fólks eiga að gegna alvöruhlutverki við ákvarðanatökur og sem ráðgjafaraðili.

Í reynd snýst málið nú við um Ísland og Noreg. Í Finnlandi eru hafnar viðræður við Allians og ýmis ráðuneyti um að stofna loftslagsráð unga fólks og í Danmörku og Svíþjóð eru loftslagsráð ungs fólks þegar tekin til starfa.

Nordic Youth Biodiversity Networks er gott dæmi um samstarf ungs fólks og skipti á reynslu sem hefur orðið fulltrúum unga fólksins í loftslagsmálum hvatning til að mynda svipað samstarfsnet. Því má segja að samstarfi af þessu tagi njóti síaukins stuðnings eins og óskað er eftir í tillögunni.

Loftslagsráð ungs fólks í Danmörku og Svíþjóðar fjalla um loftslagsmál en í Finnlandi er stefnt að því að stofna ungmennaráð um loftslags- og umhverfismálaráð. Aðstaða og stjórnýsla loftslagsmála og líffræðilegrar fjölbreytni er með ólíkum hætti í löndunum, eins gengur mishægt að bregðast við líffræðilegri fjölbreytni og hlutdeild ungs fólks.

Stofnun norræns ungmennaráðs um loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni mun einnig þjóna heimsmarkmiði 16 um sjálfbæra þróun þess efnis að teknar verði ákvarðanir á öllum sviðum þar sem brugðist er við aðstæðum og víðtæk þátttaka tryggð. Auk þess munu ábendingar unga fólksins um loftslagsmál og líffræðilega



fjölbreytni þjóna heimsmarkmiði 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu, markmiði 13 um aðgerðir í loftslagsmálum, markmiði 14 um líf í vatni og markmiði 15 um líf á landi.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndinni er ljóst að hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og loftslagsbreytingar ógna heilsu, innviðum, matvælaframleiðslu og annarri atvinnustarfsemi með langvarandi afleiðingum á velferðarkerfi Norðurlanda á ýmsum sviðum. Þá tekur nefndin eftir því að breið fylking ungs fólks á Norðurlöndum lætur loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni sig varða, í löndunum og um heim allan.

Almennt telur nefndin brýnt að auka hlutdeild ungs fólks í stjórnmalastarfi og á sviði loftslagsmála og líffræðilegrar fjölbreytni. Þetta verði ungu fólki hvatning til að láta málið sig varða og bera traust til stjórnmalastarfs og kerfa. Ekki síst mun þetta með tíð og tíma leiða til þróunar málaflokka og nýstárlegra lausna sem kunna að greiða fyrir grænum og sjálfbærum umskiptum. Nefndin telur mikilvægt að tryggja efnahagslegan, pólitískan og bindandi stuðning við ungmennaráðin í löndunum.

Í umræðunni um tillöguna lagði flokkahópur jafnaðarmanna til eftirfarandi breytingu á tillöguliðnum:

Að þær komi á fót fulltrúaráðum ungs fólks í löndunum um loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni, sem byggi á núverandi skipulagi og geri stjórnvöldum skylt að taka tillögur unga fólksins til meðferðar, bera undir unga fólkið mikilvægar ákvarðanir og verkefni á sviði loftslagsmála og líffræðilegrar fjölbreytni og taka ábendingar ungmennaráðanna um loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni til athugunar.

Flokkahópur miðjumanna studdi tillöguna. Tillaga flokkahóps jafnaðarmanna varða kveikja að grundvallarumræðu um lýðræðisreglur og skiptingu valds þar sem Norrænt frelsi vísaði í áhættu sem fælist í því að beita „soft power“ með því að skuldbinda stjórnvöld til að taka tillögur unga fólksins til meðferðar. Flokkahópur hægrimanna lét í ljós áhyggjur að því að tillagan flytti vald til ungmennaráðsins og benti á að valdið væri á höndum lýðkjörinna fulltrúa og að sumir þjóðfélagshópar ættu ekki að njóta forréttinda umfram aðra.

Flokkahópur miðjumanna svaraði á þá leið að þvert á móti fjallaði tillagan um að koma á lýðræðislegum leiðum og styðja við lýðræðislegt lögmæti meðal annars með því að efla samráð við unga fólkið. Norðurlandaráð æskunnar studdi breytingartillögu jafnaðarmanna en kvaðst einnig geta stutt upphaflegu tillöguna.

Atkvæðagreiðsla leiddi í ljós að 9 þingmenn greiddu atkvæði með nýju tillöggunni en 5 þingmenn gegn tillöggunni með þeim breytingum sem lagðar höfðu verið til.

Nefndin samþykkti nefndarálitið um þingmannatillögu um stofnun loftslagsráða ungs fólks í löndunum (A 1917/UHN) með breytingu í kaflanum um sjónarmið nefndarinnar sem fjallaði um ákvörðun um breytingu á tillöguliðnum.



Reykjavík, 7. september 2022

Doris J. Jensen (S)

Emilia Töyrä (S)

Eva Biaudet (sfp)

Hafðís Hrönn Hafsteinsdóttir (Frfl)

Maria Gudme (S)

Mariane Paviasen (IA)

Mikko Kärnä (cent)

Ola Elvestuen (V)

Tove Elise Madland (A)

FYRIRVARI

Norrænt frelsi og flokkahópur hægrimanna gerðu fyrirvara við tillöguna.

Norrænt frelsi og flokkahópur hægrimanna fagna því að ungt fólk láti sig loftslagsmál varða en telja að ekki sér rétt að tengja málið við „norrænt notagildi“. Þá er það okkar skoðun að ekki skuli koma á fót slíku ráði sérstaklega fyrir ungmenni sem hefur engin sérstök áhrif. Tillagan hefur heldur enga lagalega bindandi merkingu þar sem ríkisstjórnirnar yrðu ekki bundnar ákvörðunum ráðsins.

Norrænt frelsi og flokkahópur hægrimanna telja að stofnun ungmennaráða um loftslagsmál sé eitthvað sem taka skuli upp innan einstakra ríkja og ekki á vettvangi Norðurlandaráðs.

Norrænt frelsi og flokkarhópur hægrimanna leggja til að beina ekki þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

Að koma á fót ungmennaráðum í löndunum um loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni sem byggja á fyrirbyggjandi umgjörð og sem geri stjórnvöldum skylt að hlýða á unga fólk, hleypa því að ákvarðanatöku og verkefnum um loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni og fara að ráðum ungmennaráðanna.

Cecilie Tenfjord-Toftby (M)

Himanshu Gulati (FrP)

Sebastian Tynkkynen (saf)

Staffan Eklöf (SD)

Vilhjálmur Árnson (Sj.)